

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 95/1995 fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

1. gr.

Undir lið B. Þjónusta í fylgiskjali með gjaldskránni falli brott:	
Flugstöðvar, stórar	4. fl.
Flugstöðvar, litlar	5. fl.
Hópfæðastöðvar	5. fl.

2. gr.

Við lið B. Þjónusta í fylgiskjali með gjaldskránni bættist:	
Nuddstofur	4. fl.

3. gr.

Undir lið C. Verslun í fylgiskjali með gjaldskránni falli brott:	
Búsáhaldaaverslanir	5. fl.
Blómaverslanir	5. fl.
Leikfangaverslanir	5. fl.

4. gr.

Í stað Véla- og varahlutaverslana	5. fl. undir lið C. Verslun
í fylgiskjali með gjaldskránni komi:	
Varahlutaverslanir sem selja vörur er innihalda hættuleg efni	5. fl.

5. gr.

Undir lið E. Vinnsla úr járni og öðrum málum í fylgiskjali með gjaldskránni falli brott:	
Rafherðing málma	4. fl.

6. gr.

Í stað Vinnslu á málum í raftækjaiðnaði, rafgeymaverksmiðja, raftækja- verkstæða o.þ.h.	4. fl. í lið E. Vinnsla úr járni og öðrum málum í fylgiskjali með gjaldskránni komi:
Vinnsla á málum í raftækjaiðnaði, rafgeymaverksmiðjur, starfsleyfis- skyld raftækjaverkstæði o.þ.h.	4. fl.

7. gr.

Undir lið F. Jarð- og steinefnavinnsla í viðauka með gjaldskránni falli brott:	
Jarðvegsgerð	5. fl.

8. gr.

Undir lið H. Vinnsla og úrvinnsla úr jurta- og dýraríkinu í við- auka með gjaldskránni falli brott:	
Sögunarmyllur	5. fl.

9. gr.

Undir lið **J. Starfsemi er snertir vélknúin farartæki** í viðauka með gjaldskránni falli brott:

Hjólbarðaverkstæði 5. fl.
Bílasölur..... 5. fl.

10. gr.

Flugvellir og flugbrautir4. fl. undir lið **J. Starfsemi er snertir vélknúin farartæki** í viðauka með gjaldskránni verði:

Flugvellir 4 fl.

11. gr.

Breyting þessi sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðis-
eftirlit og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 7. febrúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttóntonntölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 4,50 á mælieiningu, skv. 2. gr. Af innlend-
um fiskiskipum þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.